

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2007/EES/37/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 246/06/COL frá 6. september 2006 um breytingu á skránni sem er að finna í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og sýnir landamæraskoðunarstöðvar á Íslandi og í Noregi sem hafa öðlast viðurkenningu til dýraheilbrigðiseftirlits með dýrum og dýraafurðum frá löndum utan EES og um niðurfellingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 86/02/COL frá 24. maí 2002. . . . .	1
	3.	<b>EFTA-dómstóllinn</b>	
2007/EES/37/02		Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA gegn íslenska ríkinu sem lögð var fram 8. mars 2007 (Mál E-3/07) . . . . .	5
2007/EES/37/03		Kæra Private Barnehagers Landsforbund gegn Eftirlitsstofnun EFTA sem lögð var fram 4. apríl 2007 (Mál E-5/07) . . . . .	6
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2007/EES/37/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4730 – Yara/Kemira GrowHow) . . . . .	7
2007/EES/37/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4781 – Norddeutsche Affinerie/Cumerio) . . . . .	8
2007/EES/37/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4798 – BP/Associated British Foods/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	9

<b>2007/EES/37/07</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4821 – CVC/Tamincó) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . .	10
<b>2007/EES/37/08</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4837 – Wallenius/Antelo/GAL/CAT) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	11
<b>2007/EES/37/09</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4852 – Groupe Arnault/CNP/Go Voyages) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	12
<b>2007/EES/37/10</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4861 – KESA/EMH) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð. . . . .	13
<b>2007/EES/37/11</b>	Ríkisaðstoð C 8/06 (áður N 536/05) – Aðstoð veitt Dornbirner Sparkasse Bank AG – Austurríki . . . . .	14
<b>2007/EES/37/12</b>	Breytingar stjórnvalda í Frakklandi á almannajónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug milli Le Puy-en-Velay og Parísar (Orly). . . . .	14
<b>2007/EES/37/13</b>	F-Loude: Flugrekstur – áætlunarflug – Áætlunarflug milli Le Puy-en-Velay (Loude) og Parísar (Orly) – Auglýsing stjórnvalda í Frakklandi um útboð samkvæmt d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 með yfirtöku almannajónustu fyrir augum . . . . .	15
<b>2007/EES/37/14</b>	F-Périgueux: Flugrekstur – áætlunarflug – Áætlunarflug milli Périgueux og Parísar – Auglýsing stjórnvalda í Frakklandi um útboð samkvæmt d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 með yfirtöku almannajónustu fyrir augum. . . . .	16
<b>2007/EES/37/15</b>	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – (Tilkynning um umsókn um framlengingu á sérleyfi til að leita að olíu og gasi sem fengið hefur nafnið „ <i>Permis de la Moselle</i> “). . . . .	17
<b>2007/EES/37/16</b>	Menningarmál (2007-2013) – Auglýst eftir tillögum – EACEA/21/07 – Sérstakar aðgerðir um menningarsamstarf með og í þriðju löndum . . . . .	19
<b>2007/EES/37/17</b>	Tilkynning samkvæmt 5. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans – Drög að pólskum lögum um erfðabreyttar lífverur, ásamt undanþágum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið . . . . .	20
<b>2007/EES/37/18</b>	Framkvæmdastjórnin hefur birt lokaskýrslu skýrslufulltrúa í máli COMP/F/38.456 – Bitumen (Hollandi) (í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum) . . . . .	20
<b>2007/EES/37/19</b>	Álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og einokun sem samþykkt var á 414. fundi nefndarinnar hinn 4. september 2006 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/F/38.456 – Bitumen (Hollandi) . . . . .	21
<b>2007/EES/37/20</b>	Álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og einokun sem samþykkt var á 415. fundi nefndarinnar hinn 11. september 2006 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/F/38.456 – Bitumen (Hollandi) . . . . .	21

### 3. Dómstóllinn

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2007/EES/37/01

246/06/COL

frá 6. september 2006

**um breytingu á skránni sem er að finna í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og sýnir landamæraskoðunarstöðvar á Íslandi og í Noregi sem hafa öðlast viðurkenningu til dýraheilbrigðiseftirlits með dýrum og dýraafurðum frá löndum utan EES og um niðurfellingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 86/02/COL frá 24. maí 2002**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 109. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af samningnum um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af 1. og 3. lið B-liðar 4. mgr. og b-lið 5. mgr. í inngangsorðum I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 1.1.4 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum*) með áorðnum breytingum, auk breytinga samkvæmt ákvæðum til aðlögunar að EES-samningnum vegna einstakra atvinnugreina sem um getur í I. viðauka við samninginn, einkum 2. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 1.1.5 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE*) með áorðnum breytingum, auk breytinga samkvæmt ákvæðum til aðlögunar að EES-samningnum vegna einstakra atvinnugreina sem um getur í I. viðauka við samninginn, einkum 4. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 1.2.111 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn (*ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/812/EB frá 21. nóvember 2001 um kröfur um viðurkenningu á skoðunarstöðvum á landamærum sem annast dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum sem eru fluttar inn í bandalagið frá þriðju löndum*) með áorðnum breytingum, einkum 5. mgr. 3. gr.,

og með tilliti til eftirfarandi atriða:

Í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 325/99/COL frá 16. desember 1999 var birt skrá um landamæraskoðunarstöðvar á Íslandi og í Noregi sem njóta viðurkenningar til dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum og dýrum frá löndum utan EES.

Samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 86/02/COL frá 24. maí 2002 var ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar 325/99/COL frá 16. desember 1999 felld úr gildi og birt ný skrá um landamæraskoðunarstöðvar á Íslandi og í Noregi sem njóta viðurkenningar til dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum og dýrum frá löndum utan EES.

Stjórnvöld á Íslandi hafa farið fram á að landamæraskoðunarstöðvarnar á *Eskifirði*, í *Njarðvík* og á *Siglufirði* verði teknar af skránni sem er að finna í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.

Stjórnvöld í Noregi hafa farið fram á að landamæraskoðunarstöðvarnar í *Stafangri* og *Prándheimi* og skoðunarmiðstöðvarnar í *Alta* og *Leirvika* (undir skoðunarstöðinni í *Hammerfest*), *Bud* (undir skoðunarstöðinni í *Kristiansund*), *Dåfjord* og *Lenangen* (undir skoðunarstöðinni í *Tromsø*), *Svartnes* (undir skoðunarstöðinni í *Vadsø*) og *Gangstøvika* (undir skoðunarstöðinni í *Ålesund*) verði teknar af skránni sem er að finna í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.

Texti 20. nmgr. í viðauka við ákvörðun 86/02/COL, sem er að finna í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, hljóðar svo: „Eingöngu fiskimjöl (þar með talið fiskifóður)“.

Tölusetning neðanmálgreinanna hefur nú breyst og að ósk stjórnvalda á Íslandi og í Noregi á 16. neðanmálgrein viðauka við þessa ákvörðun aðeins að vísa til fiskimjöls almennt og hljóða svo: „Eingöngu fiskimjöl“.

Eftirlitsstofnun EFTA vísaði málinu til dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis, með ákvörðun 05/06/COL.

Ákvörðunardrögin, sem vísað var til dýraheilbrigðisnefndar EFTA sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis, höfðu að geyma tillögu um að bæta við nýrri skoðunarmiðstöð í Noregi og nýrri flokkun tiltekinna hafna, sem gegna hlutverki landamæraskoðunarstöðva, og landamæraskoðunarmiðstöðva í Noregi og á Íslandi.

Að fengnu samþykki framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, og að loknum viðræðum við dýraheilbrigðisnefnd EFTA sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis, þótti nauðsynlegt að sleppa úr endanlegri gerð ákvörðunarinnar tillögunni, sem var að finna í drögunum að ákvörðun, um að bæta við nýrri skoðunarmiðstöð í Noregi og nýrri flokkun tiltekinna hafna, sem gegna hlutverki landamæraskoðunarstöðva, og landamæraskoðunarmiðstöðva í Noregi og á Íslandi til þess að tryggja rétta beitingu 3. undirlíðar B-liðar 4. mgr. og 5. mgr. í inngangsorðum I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.

#### ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. Heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum, sem koma til Íslands og Noregs frá löndum utan EES, skal fara fram á vegum lögbærra landsyfirvalda á þeim viðurkenndu landamæraskoðunarstöðvum sem taldar eru upp í viðauka við ákvörðun þessa.
2. Hér með fellur úr gildi ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 86/02/COL frá 24. maí 2002 um uppfærslu á aðlögunartextanum í 39. lið í hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og afurðum frá þriðju löndum og um niðurfellingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 325/99/COL frá 16. desember 1999.
3. Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. september 2006.
4. Ákvörðun þessari er beint til Íslands og Noregs.
5. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 6. september 2006.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

**Björn T. Grydeland**

Forseti

**Kristján Andri Stefánsson**

Stjórnarmaður

## VIÐAUKI

## Skrá um viðurkenndar landamæraskoðunarstöðvar

## Ríki: Ísland

1	2	3	4	5	6
Akureyri	1700499	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC(16)	
Hafnarfjörður	1700299	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC(16)	
Húsavík	1701399	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Ísafjörður	1700399	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Keflavíkurflugvöllur	1700799	A		HC(1)(2)(3)	O(15)
Reykjavík	1700199	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC(16)	
Þorlákshöfn	1701899	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	

## Ríki: Noregur

1	2	3	4	5	6
Borg	1501499	P		HC, NHC	E(7)
Båtsfjord	1501199	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3)	
Hammerfest	1501099	P	Rypefjord	HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3)	
Honningsvåg	1501799	P	Honningsvåg	HC-T(1)(2)(3)	
			Gjesvær	HC-T(1)(2)(3)	
Kirkenes	1502199	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Kristiansund	1500299	P	Harøysund	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Kristiansund	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
Måløy	1500599	P	Gotteberg	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
			Moldøen	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
			Trollebø	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
Ósló	1500199	P		HC, NHC	
Ósló	1501399	A		HC, NHC	U,E,O
Skjervøy	1502099	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Sortland	1501699	P	Andenes	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Melbu	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Sortland	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Storskog	1501299	R		HC, NHC	U,E,O
Tromsø	1500999	P	Bukta	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Kaldfjord	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Solstrand	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Senjahopen	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Vannøy	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Vadsø	1501599	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Ålesund	1500699	P	Brevika	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
			Ellingsøy	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Skutvik	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	

- 1 = Heiti**
- 2 = Animo-kóði**
- 3 = Gerð**
- A = Flughöfn
  - F = Járnbraut
  - P = Höfn
  - R = Vegur
- 4 = Skoðunarmiðstöð**
- 5 = Afurðir**
- HC = Allar afurðir til manneldis
  - NHC = Aðrar afurðir
  - NT = Engar kröfur um hitastig
  - T = Frystar/kældar afurðir
  - T(FR) = Frystar afurðir
  - T(CH) = Kældar afurðir
- 6 = Lifandi dýr**
- U = Hóf- og klaufdýr: nautgripir, svín, sauðfé, geitur, villt og tamin hófdýr
  - E = Skráð dýr af þeirri ætt hesta sem er skilgreind í tilskipun ráðsins 90/426/EBE
  - O = Önnur dýr
- 5-6 = Sérstakar athugasemdir**
- (1) = Eftirlit í samræmi við skilyrði ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 93/352/EBE sem tekin var á grundvelli 3. mgr. 19. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB
  - (2) = Eingöngu afurðir í umbúðum
  - (3) = Eingöngu sjávarafurðir
  - (4) = Eingöngu dýraprótein
  - (5) = Eingöngu ull, húðir og skinn
  - (6) = Eingöngu fljótandi fita, olía og lýsi
  - (7) = Íslenskir hestar (eingöngu frá apríl til október)
  - (8) = Eingöngu dýr af hestaætt
  - (9) = Eingöngu hitabeltisfiskar
  - (10) = Eingöngu kettir, hundar, nagdýr, nartarar, lifandi fiskur, skriðdýr og fuglar aðrir en strútfuglar
  - (11) = Eingöngu fóður í lausu
  - (12) = Að því er varðar (U) aðeins dýr sem send eru í dýragarða, þegar um hófdýr er að ræða; að því er varðar (O) aðeins dagsgamlir kjúklingar, fiskur, hundar, kettir, skordýr og önnur dýr sem send eru í dýragarða
  - (13) = Nagylak HU: Hér er um að ræða landamæraskoðunarstöð (fyrir afurðir) og umferðarleið (fyrir lifandi dýr) á landamærum Ungverjalands og Rúmeníu sem lýtur umsömdum bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í aðildarsáttmálanum, bæði vegna afurða og lifandi dýra; sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/630/EB
  - (14) = Ætluð til gegnumflutnings tiltekinna dýraafurða um Evrópubandalagið sem eru ætlaðar til manneldis og eru fluttar frá Rússlandi eða til Rússlands í samræmi við sértæka málsmeðferð sem kveðið er á um í viðkomandi bandalagslöggjöf
  - (15) = Eingöngu dýr sem eru notuð í fiskeldi
  - (16) = Eingöngu fiskimjöl

# EFTA-DÓMSTÓLLINN

**Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA gegn íslenska ríkinu sem lögð var fram 8. mars 2007**      **2007/EES/37/02**

**(Mál E-3/07)**

Hinn 8. mars 2007 lagði Eftirlitsstofnun EFTA fram fyrir EFTA-dómstólnum kæru á hendur íslenska ríkinu; í fyrirvari eru Niels Fenger og Arne Torsten Andersen, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur sóknaraðila eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að með því að setja ekki, eða tilkynna eftirlitsstofnuninni ekki, ákvæði sem eru nauðsynleg vegna lögtöku gerðarinnar sem um getur í öðrum undirlið liðar 1a í XXIV. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (*tilskipun Evrópupingsins og ráðsins 2002/88/EB frá 9. desember 2002 um breytingu á tilskipun 97/68/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofitegunda og agna frá brunahreylum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum*), með áorðnum breytingum samkvæmt bókun 1 við EES-samninginn, innan tilskilins frests, hafi íslenska ríkið vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 2. gr. þeirrar gerðar og 7. gr. EES-samningsins.
2. Dómstóllinn dæmi íslenska ríkið til greiðslu málskostnaðar.

*Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings kærinni:*

- Málið, sem hér liggur fyrir, snýst um að tilskipun á sviði umhverfisverndar hafi ekki verið lögtekin.
- Eftirlitsstofnun EFTA telur að stjórnvöld á Íslandi hafi ekki lagt fram nein gögn um að tilskipunin hafi verið lögtekin.
- Eftirlitsstofnun EFTA telur að stjórnvöld á Íslandi hafi ekki andmælt því að tilskipunin hafi ekki verið lögtekin.

**Kæra Private Barnehagers Landsforbund gegn Eftirlitsstofnun EFTA sem lögð var fram 4. apríl 2007**

**(Mál E-5/07)**

Hinn 4. apríl 2007 lagði Private Barnehagers Landsforbund fram fyrir EFTA-dómstólnum kæru á hendur Eftirlitsstofnun EFTA; í fyrisvari eru Peter Dyrberg og Ingvald Falch, Advokatfirmaet Schjødt, Dronning Mauds gt 11, Ósló, Noregi.

Kröfur sóknaraðila eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi ógilda ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 39/07/COL frá 27. febrúar 2007 um opinbera fjármögnun dagvistarstofnana á vegum sveitarfélaga í Noregi.
2. Dómstóllinn dæmi Eftirlitsstofnun EFTA til greiðslu málskostnaðar.

*Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings kærinni:*

- Sóknaraðili er samtök einkarekinna dagvistarheimila í Noregi.
- Sóknaraðili telur að fjármögnunarkerfi dagvistarheimila í Noregi feli í sér ríkisaðstoð sem sé ósamrýmanleg ákvæðum EES-samningsins.
- Í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 39/07/COL frá 27. febrúar 2007 var felldur sá úrskurður að í kerfinu fælist ekki ríkisaðstoð af þessu tagi, í fyrsta lagi sökum þess að dagvistarheimili gætu ekki talist til fyrirtækja, og í öðru lagi vegna þess að ráðstöfunin hefði ekki áhrif á viðskipti milli ríkja. Jafnframt var það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að þótt um ríkisaðstoð hefði verið að ræða hefði hún samrýmst EES-samningnum á grundvelli ákvæða 2. mgr. 59. gr. samningsins.
- Sóknaraðili telur að Eftirlitsstofnun EFTA hafi
  - brugðist þeirri skyldu sinni að hefja formlega málsmeðferð,
  - rangtúlkað og misbeitt 2. mgr. 59. gr. og 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins
  - og brotið gegn því ákvæði 16. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól að hún skuli rökstyðja ákvarðanir sínar og gegn grundvallarreglum um góða stjórnslu, einkum þeirri skyldu að rannsókn máls skuli vera óhlutdræg og rækileg.



# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**

**2007/EES/37/04**

**(Mál COMP/M.4730 – Yara/Kemira GrowHow)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. ágúst 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem norska fyrirtækið Yara International ASA („Yara“) öðlast með yfirtökubóði, sem var tilkynnt 18. júlí 2007, að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í finnska fyrirtækinu Kemira GrowHow Oyi („GrowHow“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Yara: framleiðsla og dreifing á ólífrænum áburði, áburði til sérstakra nota og efna til notkunar í iðnaði
  - GrowHow: framleiðsla og dreifing á ólífrænum áburði, fosfötum til notkunar í dýrafóður, áburði til sérstakra nota og efna til notkunar í iðnaði
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 186, 9. ágúst 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4730 – Yara/Kemira GrowHow, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.4781 – Norddeutsche Affinerie/Cumerio)**

2007/EES/37/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. júlí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Norddeutsche Affinerie AG („Norddeutsche Affinerie“) öðlast með yfirtökuboði, sem var tilkynnt 27. júní 2007, að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í belgíska fyrirtækinu Cumerio S.A. („Cumerio“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Norddeutsche Affinerie: framleiðsla á koparbakskautum, tenging þeirra við koparteina, prófila og aðrar hálfunnar vörur
  - Cumerio: framleiðsla á koparbakskautum og tenging þeirra við koparteina og prófila
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 185, 8. ágúst 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4781 – Norddeutsche Affinerie/Cumerio, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2007/EES/37/06****(Mál COMP/M.4798 – BP/Associated British Foods/JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. júlí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið BP plc („BP“) og breska fyrirtækið Associated British Foods plc („ABF“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í hinu nýstofnaða breska fyrirtæki Vivergo Fuels Limited („Vivergo“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - BP: orkufyrirtæki með starfsemi um allan heim í tengslum við jarðefnaleyti, þróun og framleiðslu á olíu og gasi, við hreinsun, framleiðslu og markaðssetningu á olíuvörum og vörum unnum úr jarðolíu og jarðgasi ásamt þróun á endurnýjanlegri orku
  - ABF: framleiðsla á fjölbreyttu úrvali matvæla og innihaldsefna og rekstur smásöluverslana, starfar á alþjóðlegum vettvangi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 182, 4. ágúst 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4798 – BP/Associated British Foods/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.4821 – CVC/Taminco)**

2007/EES/37/07

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. júlí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem lúxemborgska fyrirtækið CVC Capital Partners Sarl („CVC“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í belgíska fyrirtækinu Taminco N.V. („Taminco“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - CVC: fjárfestir í óskráðum félögum
  - Taminco: framleiðir íðefni, einkum efni úr ammoníaki
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 179, 1. ágúst 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4821 – CVC/Taminco, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.4837 – Wallenius/Antelo/GAL/CAT)**

2007/EES/37/08

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. júlí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004<sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem sænska fyrirtækið Vehicle Services International A.B. („VSI“), sem er í sameiginlegri eigu sænska fyrirtækisins Wallenius Lines („WL“) og Manuels Antelos, sem er argentínskur atvinnurekandi sem er hvorki með starfsemi í Evrópu né á hlutabréf í fyrirtækjum starfræktum í Evrópu, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í franska fyrirtækinu Global Automotive Logistics/Compagnie d’Affrètement et de Transport („GAL/CAT“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - VSI: sjóflutningar, skipamiðlun, flutningar á landi og hrávöruviðskipti, viðskipti með fasteignir, hlutabréf og verðbréf ásamt lánaviðskiptum
  - WL: flutningaþjónusta innanlands, flutningaþjónusta á stuttum og löngum sjóleiðum
  - GAL/CAT: vöruferilsstjórnun í tengslum við fullgerð vélknúin ökutæki, verk taki í tengslum við almenna vöruferilsstjórnun
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004<sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 185, 8. ágúst 2007). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4837 – Wallenius/Antelo/GAL/CAT, á eftirfarandi póstoffang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.4852 – Groupe Arnault/CNP/Go Voyages)**

2007/EES/37/09

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. júlí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Groupe Arnault SAS („Groupe Arnault“) og belgíska fyrirtækið Compagnie Nationale à Portefeuille („CNP“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í franska fyrirtækinu Go Voyages SA („Go Voyages“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Groupe Arnault: eignarhaldsfélag sem starfar gegnum dótturfyrirtæki sín (Christian Dior Couture og LVMH) á sviði munaðarvara
  - CNP: eignarhaldsfélag á fjármálasviði með hlutafjäreign á víðtæku athafnasviði
  - Go Voyages: ferðaskrifstofa á netinu sem sérhæfir sig í sölu flugmiða
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 184, 7. ágúst 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4852 – Groupe Arnault/CNP/Go Voyages, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.4861 – KESA/EMH)**

2007/EES/37/10

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. júlí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið KESA Electricals plc („KESA“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í spænska fyrirtækinu Electrodomésticos Menaje del Hogar S.A. („EMH“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - KESA: smásala á rafvörum til neytenda (heimilistækjum, mynd- og hljóðtækjum, fjarskipta- og fjölmiðlatækjum)
  - EMH: smásala á rafvörum til neytenda (heimilistækjum, loftræstitækjum, mynd- og hljóðtækjum, fjarskipta- og fjölmiðlatækjum)
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 184, 7. ágúst 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4861 – KESA/EMH, á eftirfarandi póstoffang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Ríkisaðstoð****2007/EES/37/11****(87.–89. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)****Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar sem beint er til annarra aðildarríkja og  
hagsmunaaðila samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans****Ríkisaðstoð C 8/06 (áður N 536/05) – Aðstoð veitt Dornbirner Sparkasse Bank AG  
– Austurríki**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Austurríki með eftirfarandi bréfi, dagsettu 5. júní 2007, að ákveðið hafi verið að leggja niður málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna ofangreindrar ríkisaðstoðar.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 177, 31.7.2007.

**Breytingar stjórnvalda í Frakklandi á almannajónustukvæðum sem lagðar hafa  
verið á í tengslum við áætlunarflug milli Le Puy-en-Velay og Parísar (Orly)****2007/EES/37/12**

Frönsk stjórnvöld hafa ákveðið að breyta ákvæðum um almannajónustukvæðir í áætlunarflugi milli flugvallanna í Le Puy-en-Velay (Loudes) og París (Orly) á grundvelli a-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins. Breytingin öðlast gildi 14. janúar 2008. Þessar kvaðir koma í stað þeirra sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 227 hinn 1. september 1995 og var breytt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 258 hinn 15. september 2001.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 174, 27.7.2007.



**F-Loude: Flugrekstur – áætlunarflug****2007/EES/37/13****Áætlunarflug milli Le Puy-en-Velay (Loude) og Parísar (Orly)****Auglýsing stjórnvalda í Frakklandi um útböð samkvæmt d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 með yfirtöku almannaþjónustu fyrir augum**

Stjórnvöld í Frakklandi hafa lagt á almannaþjónustukvaðir á grundvelli a-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23.7.1992. júlí um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins í tengslum við áætlunarflug milli Le Puy-en-Velay (Loude) og Parísar (Orly). Upplýsingar um almannaþjónustukvaðirnar birtust í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 174 hinn 27. júlí 2007.

Hafi enginn flugrekandi hafið eða sé um það bil að hefja áætlunarflug á ofangreindum leiðum hinn 14. desember 2007, í samræmi við áhvílandi almannaþjónustukvaðir og án þess að fara fram á fjárstyrk, munu frönsk stjórnvöld takmarka flugrekstur á leiðunum við einn flugrekanda í samræmi við ákvæði d-liðar 1. mgr. 4. gr. og bjóða út í almennu útböði heimild til að halda úti slíku flugi frá 14. janúar 2008.

Tilboð skulu lögð fram í lokuðu umslagi merktu: „Délégation de service public pour l'exploitation d'une ligne aérienne – CANDIDATURE - À n'ouvrir qu'en commission“. (Samningur um yfirtöku almannaþjónustu – UMSÓKN – opnast ekki fyrr en á fundi valnefndar). Tilboð skulu send í ábyrgðarpósti með móttökukvittun á neðangreint pósthfang (og staðfestir dagsetning kvittunarinnar móttökudagsetningu), eða afhent á sama stað (og þá gegn kvittun), eigi síðar en 12. september 2007 kl. 14:00 að staðartíma:

Syndicat mixte de gestion aéroportua départemental  
Le Puy-en-Velay/Loude, Aéroportua de Loude, F-43320  
Loude.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 176, 28.7.2007.

**F-Périgueux: Flugrekstur – áætlunarflug****2007/EES/37/14****Áætlunarflug milli Périgueux og Parísar****Auglýsing stjórnvalda í Frakklandi um útboð samkvæmt d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 með yfirtöku almannaþjónustu fyrir augum**

Stjórnvöld í Frakklandi hafa lagt á almannaþjónustukvaðir á grundvelli a-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 2007 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins í tengslum við áætlunarflug milli Périgueux og Parísar. Upplýsingar um almannaþjónustukvaðirnar birtust í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 92 hinn 27. apríl 2007.

Hafi enginn flugrekandi hafið eða sé um það bil að hefja áætlunarflug á ofangreindum leiðum hinn 3. nóvember 2007, í samræmi við áhvílandi almannaþjónustukvaðir og án þess að fara fram á fjárstyrk, munu frönsk stjórnvöld takmarka flugrekstur á leiðunum við einn flugrekanda í samræmi við ákvæði d-liðar 1. mgr. 4. gr. fyrrnefndrar reglugerðar og bjóða út í almennu útboði heimild til að halda úti slíku flugi frá 3. desember 2007.

Tilboð skulu lögð fram í lokuðu umslagi merktu: „Délégation de service public pour l'exploitation d'une ligne aérienne – CANDIDATURE - À n'ouvrir qu'en commission“. (Samningur um yfirtöku almannaþjónustu – UMSÓKN – opnast ekki fyrr en á fundi valnefndar). Tilboð skulu send í ábyrgðarpósti með móttökukvittun á neðangreint pósthfang (og staðfestir dagsetning kvittunarinnar móttökudagsetningu), eða afhent á sama stað (og þá gegn kvittun), eigi síðar en 3. september 2007 kl. 16:00 að staðartíma:

Mairie de Périgueux, place de l'Hôtel de Ville, BP 9063,  
F-24019 Périgueux Cedex.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 176, 28.7.2007.

**Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni** **2007/EES/37/15**

*(Tilkynning um umsókn um framlengingu á sérleyfi til að leita að olíu og gasi sem fengið hefur nafnið „Permis de la Moselle“)*

Fyrirtækið East Paris Petroleum Development Ltd., skráð að Wembley Point, 1 Harrow Road, Wembley, Middlesex, HA9 6DE (Bretlandi), hefur með umsókn frá 17. janúar 2007 farið fram á sérleyfi til fimm ára, sem fengið hefur nafnið „Permis de la Moselle“, til að leita að olíu og gasi á svæði sem er hér um bil 6 011 km<sup>2</sup> og liggur í sýslunum Meurthe-et-Moselle, Meuse, Moselle og Vosges. Umsókninni var breytt 13. mars 2007.

Svæðið, sem leyfið tekur til, markast af lengdarbaugum og breiddarbaugum sem mætast í hornpunktunum sem skilgreindir eru með hnitum hér fyrir neðan. Talið er frá núlllengdarbaugi sem liggur í gegnum París.

Hornpunktar	Lengd	Breidd
A	4,60° A	54,60° N
B	3,90° A	54,60° N
C	3,90° A	54,50° N
D	3,70° A	54,50° N
E	3,70° A	53,90° N
F	4,00° A	53,90° N
G	4,00° A	53,80° N
H	5,00° A	53,80° N
I	5,00° A	54,00° N
J	5,20° A	54,00° N
K	5,20° A	54,30° N
L	5,10° A	54,30° N
M	5,10° A	54,40° N
N	5,00° A	54,40° N
O	5,00° A	54,30° N
P	4,70° A	54,30° N
Q	4,70° A	54,20° N
R	4,50° A	54,20° N
S	4,50° A	54,30° N
T	4,60° A	54,30° N
U	4,60° A	54,40° N
V	4,50° A	54,40° N
W	4,50° A	54,50° N
X	4,60° A	54,50° N

Eftirfarandi svæði eru undanskilin:

*Vinnslusvæðið Forcelles (20 km<sup>2</sup>)*

Hornpunktur	Lengd	Breidd
AA	4,60° A	53,85° N
AB	4,14° A	53,85° N
AC	4,14° A	53,84° N
AD	4,12° A	53,84° N
AE	4,12° A	53,81° N
AF	4,20° A	53,81° N

### Tilhögun umsókna

Upphaflegur umsækjandi og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum sem gerðar eru til umsækjenda og skýrðar eru í 4., 5. og 6. gr. tilskipunar nr. 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna neðanjarðar (Journal officiel de la République française (frönsku stjórnartíðindin), 3. júní 2006).

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að keppa um sérleyfið með umsókn sem leggja ber fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 180, 2.8.2007, í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvatnsefni í Frakklandi, sem birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 374 hinn 30. desember 1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun nr. 2006-648 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna neðanjarðar. Umsóknunum skal beint til ráðherra námarekstrar og ber að senda þær á neðangreint pósthfang. Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og umsóknir, sem keppa við hana, verða teknar áður en tvö ár eru liðin frá því að upphaflega umsóknin barst stjórnvöldum í Frakklandi, þ.e. eigi síðar en 17. janúar 2009.

### Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar

Umsækjendum er bent á 79. gr. og gr. 79.1 í námalögum og á tilskipun nr. 2006-649 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna neðanjarðar, ásamt námareglugerð og reglugerð um geymslu efna neðanjarðar (Journal officiel de la République française (frönsku stjórnartíðindin), 3. júní 2006).

Nánari upplýsingar fást í efnahags-, fjármála- og iðnaðarráðuneytinu í Frakklandi: Ministère de l'économie, des finances et de l'industrie (direction générale de l'énergie et des matières premières, direction des ressources énergétiques et minérales, bureau de la législation minière), 61, boulevard Vincent Auriol, Télédoc 133, F-75703 Paris Cedex 13, France (sími +33 (0)1 44 97 23 02, bréfasími +33 (0)1 44 97 05 70).

Unnt er að nálgast lög og reglugerðir, sem að ofan greinir, á eftirfarandi slóð:

<http://www.legifrance.gouv.fr>

## MENNINGARMÁL (2007-2013)

2007/EES/37/16

## AUGLÝST EFTIR TILLÖGUM – EACEA/21/07

**Sérstakar aðgerðir um menningarsamstarf með og í þriðju löndum**

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1855/2006/EB frá 12. desember 2006 um að koma á fót áætluninni „Menning“ (2007-2013) <sup>(1)</sup> (er nefnist „áætlunin“ í því sem hér fer á eftir).

Áætlunin er hluti af þeirri skuldbindingu Evrópusambandsins að vinna skipulega að því að stækka sameiginlegt menningarsvæði Evrópubúa, sem byggist á sameiginlegri menningararfleifð, með því að þróa menningarsamstarf milli höfunda, þeirra sem starfa á sviði menningarmála og menningarstofnana landanna sem taka þátt í áætluninni, með það að markmiði að efla vöxt evrópskrar þjóðarkenndar.

Lönd utan Bandalagsins, sem hafa gert samstarfssamning við Bandalagið, geta einnig tekið þátt í áætluninni að því tilskildu að í samningnum séu ákvæði varðandi menningarmál og þá á grundvelli þess að mælt sé fyrir um viðbótarfjárveitingar og sérstakar málsmeðferðir.

Áætlunin kveður á um afskipti Bandalagsins varðandi styrkveitingar til „serráðstafana“ og innan þess ramma má veita stuðning til samstarfs við þriðju lönd og alþjóðastofnanir.

Auglýst er eftir tillögum með það fyrir augum að styðja við verkefni í tengslum við menningarsamstarf til tveggja ára (2007-2009) með sérstaka áherslu á tvö helstu löndin í Asíu: Kína og Indland.

Framkvæmdastofnun menntamála, hljóð- og myndgerðar og menningarmála (er nefnist „framkvæmdastofnunin“ í því sem hér fer á eftir) ber ábyrgð á að auglýsa eftir tillögum.

Ætla má að heildarfjárveiting vegna þessarar auglýsingar eftir tillögum verði 1,8 milljónir evra. Fjárhagsstuðningur verður veittur til um tíu samstarfsverkefna (fimm samstarfsverkefna við Indland og fimm samstarfsverkefna við Kína). Hámarks lengd verkefna er 24 mánuðir.

Fjármögnun Bandalagsins skal ekki vera umfram 50 % af styrkhæfum kostnaði við hvert verkefni (hámarksstyrkur er 180 000 evrur fyrir hvert verkefni).

Umsækjendur skulu vera opinberar eða einkareknar stofnanir með stöðu lögaðila, sem starfa einkum á sviði menningarmála, og geta sýnt fram á að minnsta kosti tveggja ára reynslu á sviði hönnunar og umsjónar með menningarverkefnum á alþjóðavettvangi, einkum í Kína og á Indlandi.

Þessar stofnanir skulu taka þátt í hvort tveggja útfærslu og framkvæmd verkefnisins og auk þess veita raunverulegan og umtalsverðan fjárstuðning til fjárhagsáætlunar verkefnisins. Þessar stofnanir skulu veita að minnsta kosti 50 % af heildarfjárveitingu til verkefnisins.

Þessar stofnanir skulu eiga löglegt aðsetur í einhverju landanna sem taka þátt í áætluninni <sup>(2)</sup>. Þessar stofnanir skulu einnig hafa fjárhags- og rekstrargetu til að ljúka við samstarfsverkefni.

**Umsóknarfrestur er til 1. október 2007.**

Skilmálar sem fylgja þessari auglýsingu eftir tillögum EACEA/21/07 eru óaðskiljanlegur hluti hennar. Umsóknir skulu fullnægja öllum ákvæðum skilmálanna og ber að skila þeim á til þess gerðum eyðublöðum.

*Skilmálar, umsóknargögn og öll eyðublöð er að finna á vefsetri framkvæmdastofnunar menntamála, hljóð- og myndgerðar og menningarmála.*

<http://eacea.cec.eu.int/static/index.htm>

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Ríkin 27 sem eiga aðild að Evrópusambandinu, Evrópska efnahagssvæðið, umsóknarlöndin Króatía, Tyrkland og Makedónía, fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu, með fyrirvara um gerð viljayfirlýsingar um þátttöku hvert þessara landa í hinni nýju áætlun um menningarmál árið 2007 og löndin á vestanverðum Balkanskaga (Albanía, Bosnía og Hersegóvína, Svartfjallaland og Serbía, að meðtöldu Kosovó (samkvæmt ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244)), með fyrirvara um gerð viljayfirlýsingar um þátttöku hvert þessara landa í hinni nýju áætlun um menningarmál árið 2007.

**Tilkynning samkvæmt 5. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans****2007/EES/37/17****Drög að pólskum lögum um erfðabreyttar lífverur, ásamt undanþágum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið**

Frankvæmdastjórnin hefur birt tilkynningu samkvæmt 5. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans um drög að pólskum lögum um erfðabreyttar lífverur, ásamt undanþágum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið.

Markmiðið með drögunum að lögunum er að setja ítarlegar reglur um aðgerðir sem tengjast erfðabreyttum lífverum. Markmiðið er að beita tilskipun ráðsins 90/219/EEB frá 23. apríl 1990 um einangraða notkun erfðabreyttra örvera og tilskipun 2001/18/EB um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið. Auk þess eru í henni ákvæði varðandi erfðabreytta ræktun og hvernig hún gengur með hefðbundnum og lífrænum búskap.

Athugasemdir við hin tilkynntu ákvæði skulu berast framkvæmdastjórninni áður en 30 dagar eru liðnir frá því að þau eru auglýst í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 173, 26.7. 2007. Athugasemdir, sem berast eftir að þessi 30 daga frestur er liðinn, verða ekki teknar til greina.

Um nánari upplýsingar um ofangreinda tilkynningu stjórnvalda í Póllandi, leitið til:

European Commission  
General Directorate Environment  
DG ENV. B.3 — Biotechnology, Pesticides and Health  
Mr Ioannis Karamitsios  
Sími: (32-2) 298 30 89  
Tölvupóstfang: [yannis.karamitsios@ec.europa.eu](mailto:yannis.karamitsios@ec.europa.eu)

Sjá einnig heildartexta auglýsingarinnar í Stjtið. ESB C 173, 26.7.2007.

**Framkvæmdastjórnin hefur birt lokaskýrslu skýrslufulltrúa í máli COMP/F/38.456 – Bitumen (Hollandi) (í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum)****2007/EES/37/18**

Frankvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur birt lokaskýrslu skýrslufulltrúa í máli COMP/F/38.456 – Bitumen (Hollandi) (í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum). Í álitum skýrslufulltrúa fjalla drög að ákvörðun í máli þessu ekki um önnur andmæli en þau sem málsaðilum hefur gefist kostur á að gefa umsögn um. Niðurstaða mín er því sú að réttur málsaðila og hagsmunaaðila til að flytja mál sitt hafi verið virtur.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 176, 28.7.2007.

**Álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og einokun sem samþykkt var á 2007/EES/37/19  
414. fundi nefndarinnar hinn 4. september 2006 og varðar drög að ákvörðun í máli  
COMP/F/38.456 – Bitumen (Hollandi)**

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur birt álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og einokun sem samþykkt var á 414. fundi nefndarinnar hinn 4. september 2006 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/F/38.456 – Bitumen (Hollandi)

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 176, 28.7.2007.

**Álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og einokun sem samþykkt var á 2007/EES/37/20  
415. fundi nefndarinnar hinn 11. september 2006 og varðar drög að ákvörðun í máli  
COMP/F/38.456 – Bitumen (Hollandi)**

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur birt álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og einokun sem samþykkt var á 415. fundi nefndarinnar hinn 11. september 2006 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/F/38.456 – Bitumen (Hollandi)

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 176, 28.7.2007.